



Verkfall hafið í FSu

Þegar þessi frétt er skrifuð hefur ekki enn verið samið við kennara og verkföll hafin í fjórum leikskólum, þremur grunnskólum, einum framhaldsskóla og einum tónlistarskóla. Fleiri skólar bætast við í nóvember ef ekki verður samið.

Fjölbrautaskóli Suðurlands hóf verkfall á þriðjudaginn.

Það verður til 22. nóvember náist ekki að semja fyrir þann tíma. Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands lýsir miklum áhyggjum af boðuðu verkfalli kennara í skólanum

„Ekki þarf að fjölýrða um þau alvarlegu áhrif sem verkfall getur haft á nám og stöðu nemenda og fjölskyldna þeirra.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands harmar að kennarar neyðist til að beita verkfallsvopni og hvetur samningsaðila til að ganga til samninga tafarlaust.“

Þetta kemur fram á fundi skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands sem haldinn var 11. október síðastliðinn.

Fjölbreyttir menningarheimar í Aratungu



Sunnudaginn 3. nóvember nk. verður fjölmenningsháttíð haldin í Aratungu. Háttíðin er hluti af verkefninu “Fjölmenningsarsamfélag í Uppsveitum Árnessýslu” og markmið hennar er að fagna og kynna fjölbreyttan menningararf samfélagsins.

Á háttíðinni verða fulltrúar frá 15 löndum. Hvert land mun setja upp sýningarbás þar sem gestir geta kynnt sér menningu þeirra, matargerð, listir og aðra áhuga-verða hluti. Boðið verður upp á smakk af mat og drykkjum frá ýmsum heimshornum.

Framkvæmdir hafnar við Búrfellslund

Framkvæmdir eru hafnar við fyrsta vindorkuver landsins. Búrfellslundur eða Vaðölduver verður á 17 ferkílómetra svæði í kringum Vaðöldu í Rangárþingi ytra. Fulltrúar sveitarfélagsins, Borgarverks, verkfræðistofunnar COWI og Landsvirkjunar fögnuðu þessum áfanga 24. október sl.

Kemur þetta fram í tilkynningu frá Landsvirkjun.

Við þetta tilefni heimsótti Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, verkstað við Vaðöldu. Á svæðinu er jarðvegsvinna hafin, veglagning og undirbúningur fyrir uppsetningu vinnubúða.

„Það er mikið fagnaðarefni að framkvæmdir séu hafnar við Búrfellslund,“ sagði Guðlaugur Þór. „Við vitum öll að það er mikil þörf fyrir aukna endurnýjanlega orku til að mæta vexti samfélagsins og bæta raforkuöryggi. Þetta er heillaskref í sögu þjóðarinnar og gott að sjá hversu vel hefur verið vandað til verka hjá Landsvirkjun í þessu verkefni.“

Sveitarstjóri Rangárþings ytra, Jón G. Valgeirsson, tók undir þetta: „Það er gaman að

verða vitni að þessum merku tímamótum í Íslandssögunni. Hér hjá okkur mun fyrsti hluti þessarar þriðju stoðar orkukerfisins rísa.“

Tímabært að hefjast handa

Búið er að velja vindmylluframleiðanda eftir útboð á fyrri hluta árs. Verið er að ganga frá samningum og verður tilkynnt hvaða framleiðandi átti hagstæðasta tilboðið á næstu dögum. Vindmyllurnar verða reistar á árunum 2026 og 2027 og verður fyrri hluti vindorkuversins gangsettur haustið 2026.

Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar fagnar því að þetta mikla nýframkvæmdatímabil hjá fyrirtækinu sé hafið:

„Það er virkilega ánægjulegt að sjá hjólin vera farin að snúast hér á Þjórsár-Tungnaársvæðinu þar sem umfangsmiklar framkvæmdir verða næstu árin. Það er ekki bara bygging vindorkuversins hér við Vaðöldu heldur er líka um að ræða byggingu Hvammsvirkjunar og stækkun Sigölduvirkjunar. Undirbúningur þessara verkefna hefur staðið áratugum saman og tímabært að hefjast handa.“



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi

ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Heitt á könnunni
og kleinur á
meðan þú bíður
í nóvember



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

MENNINGARMÁNUÐURINN OKTÓBER

Jazztónleikar í sal Tónlistarskóla
Árnesinga fimmtudaginn
31. október kl. 20.00

Iris Kramer Quartet

Sérstakur gestur Hlín Pétursdóttir
Behrens, söngkona

Miðar á tix.is

Tónleikarnir eru styrktir af Þýska
sendiráðinu, FÍH, Jazzbüro Baden-
Württemberg og Íslendingafélaginu
í Hamburg.



Fjölmenni í Byggðasafni Árnesinga



Kvikmynd um Ágúst Þorvaldsson og Ingveldi á Brúnastöðum, líf þeirra og sögu og ekki síst æskuár Ágústs á Eyrarbakka, vakti mikla lukku í Álpönnuhúsinu eða Byggðasafni Árnesinga á sunnudaginn var. Það var

Jón Ársæll Þórðarson, fyrrum sjónvarpsmaður, sem gerði kvikmyndina. Lýður Pálsson hefur staðið fyrir nokkrum atburðum á Eyrarbakka í tengslum við Menningardaga í Árborg. Ágúst sjálfur segir sögu sína ásamt sögumanninum Jóni Ársæli og fram koma nokkrir samferðamenn og vitna um kynni sín af Ágústi og heimilinu á Brúnastöðum. Guðni Ágústsson bætti mörgu við um sögu foreldra sinna og kryddaði hláturtaugarnar með skemmtilegum tilvitnunum og gamansögum. Gestirnir sögðu það einnar messu virði að rifja upp þessa sögu manns og þjóðar og fátæktina fyrir hundrað árum.



Hrafnhildur Hlín ráðin leikskólastjóri

Hrafnhildur Hlín Hljartardóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri við nýjan leikskóla í Vesturbyggð í Þorlákshöfn. Hrafnhildur mun leiða vinnu við undirbúningu opunar leikskólans sem nú er í byggingu og bera ábyrgð á rekstri og starfsemi leikskólans. Hrafnhildur tekur til starfa 1. febrúar næstkomandi en áætlað er að opna fjórar deildir haustið 2025. Kemur þetta fram í tilkynningu frá sveitarfélaginu.



Hrafnhildur Hlín hefur lokið prófi í leikskólakennarafræðum frá Danmörku og mastersprófi í uppeldis- og kennslufræðum frá HÍ 2018. Hún hefur starfað í leikskólum bæði í Danmörku og hér á Íslandi m.a. sem aðstoðarleikskólastjóri. Nú síðustu ár hefur Hrafnhildur starfað sem hegðunarráðgjafi hjá skóla- og velferðarþjónustu SVÁ og Hveragerðisbæ.

Guðbrandur efstur á lista Viðreisnar



Framboðslisti Viðreisnar í Suðurlandshöfnum fyrir komandi alþingiskosningar var samþykktur á fundi landshlutaráðs flokksins 24. Október sl.

Guðbrandur Einarsson, þingmaður Viðreisnar, leiðir listann. Í öðru sæti er Sandra Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi í Hveragerði. Þriðja sætið skipar Mathias Bragi Ölvisson, forseti Rösvku og háskólanemi, og í fjórða sæti er Kristín María Birgisdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltrúi Grindavíkurbæjar.

Guðbrandur segist þakklátur og stoltur að fá að leiða öflugan lista Viðreisnar í kjördæminu og að fá að vinna með öllu þessu frábæra fólki.

„Viðreisn hefur með staðfastri stefnu sinni verið að ná til fólks og við munum nýta þennan stutta tíma sem er fram að kosningum til þess að tala

Framboðslisti Viðreisnar í Suðurlandshöfnum:

- Guðbrandur Einarsson, alþingismaður. Reykjanesbæ
- Sandra Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi. Hveragerði
- Mathias Bragi Ölvisson, háskólanemi og forseti Rösvku. Flúðum
- Kristín María Birgisdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltrúi Grindavíkur. Reykjanesbæ
- Sigurður Steinar Asgeirsson, lögfræðingur og skipulagsfulltrúi. Þorlákshöfn
- Ástrós Rut Sigurðardóttir, fyrirtækjaeigandi. Selfossi
- Axel Sigurðsson, gæðastjóri og matvælafræðingur. Selfossi
- Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, lögmaður og formaður bæjararráðs. Hveragerði
- Bjarki Eiríksson, framkvæmdastjóri. Hellu
- Freydís Kneif Kolbeinsdóttir, grunnskólakennari. Reykjanesbæ
- Sæmundur Jón Jónsson, bóndi. Hornafirði
- Ingibjörg Ýr Smáradóttir, þjónustustjóri. Reykjanesbæ
- Alexander Hauksson, háskólanemi. Reykjavík
- Ólöf Sara Garðarsdóttir, ferðafræðingur. Hvolsvelli
- Agnar Guðmundsson, tölvunarfræðingur. Reykjanesbæ
- Magnþóra Kristjánsdóttir, grunnskólakennari. Þorlákshöfn
- Birgir Marteinson, lögfræðingur. Stokkseyri
- Þórunn Wolfram Pétursdóttir, umhverfisfræðingur PhD. Selfossi
- Ólafur Sigurðsson, Msc í alþjóðastjórnun og markaðssetningu. Selfossi
- Ingunn Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur. Selfossi

við kjósendur. Fólki í Suðurlandshöfnum veit alveg hvað stjórnmálamenn þurfa að gera og eiga að vinna að. Nú er tækifæri til að breyta um kúrs og við í Viðreisn

erum svo sannarlega reiðubúin til að láta hendur standa fram úr ermum. Fyrir fólkið okkar," segir Guðbrandur.



Spennandi tækifæri

Viltu gera þína hugmynd að veruleika?

Þar sem Ísey Skyr Bar og Djúsi kveðja N1 í Hveragerði í byrjun desember leitum við að áhugasömum leigutökum sem vilja gera sér mat úr væntanlegum breytingum á þessari fjölfjörnu þjónustustöð. Plássið er laust frá 1. des. en nánari upplýsingar veitir **Jón Viðar Stefánsson** (jonvidar@n1.is).



Víðir leiðir lista Samfylkingarinnar



Framboðslisti Samfylkingarinnar í Suðurlandshéraði fyrir alþingiskosningarnar 30. nóvember 2024 hefur verið samþykktur. Fundurinn var haldinn í félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka.

Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarnarsviðs hjá ríkislögreglustjóra, leiðir listann í Suðurlandshéraði. Ása Berglind Hjálmarasdóttir, bæjarfulltrúi í Ölfusi og verkefnastjóri hjá Hörpu, er í öðru sæti. Í þriðja sæti er Sverrir Bergmann, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og söngvari. Fjórhá sæti skipar svo Arnar Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi í Árborg og félagsráðgjafi.

„Þetta var frábær fundur á Eyrarbakka. Það er mikill hugur í Samfylkingarfólki á Suðurlandi. Við ætlum að keyra á samstöðu. Jákvað og stórhuga stjórnmál eru sterkasta svarið við sundrunu og upphlaupum

Framboðslisti Samfylkingarinnar í Suðurlandshéraði:

- Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarnarsviðs hjá ríkislögreglustjóra
- Ása Berglind Hjálmarasdóttir, bæjarfulltrúi í Ölfusi og verkefnastjóri hjá Hörpu
- Sverrir Bergmann Magnússon, söngvari og bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Arnar Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi í Árborg og félagsráðgjafi
- Ólafur Þór Ólafsson, stjórnsýslufræðingur og fyrrum sveitarstjóri á Tálknafirði
- Arndís María Kjartansdóttir, kennari og fasteignasali í Vestmannaeyjum
- Hlynur Snær Vilhjálmsson, iðnaðarmaður og nemi
- Vala Ósk Ólafsdóttir, félagsráðgjafi í barnaverndarþjónustu
- Gunnar Karl Ólafsson, starfsmaður Bárunnar stéttarfélag
- Eyrún Fríða Árnadóttir, formaður bæjarráðs Hornafjarðar
- Renuka Charee Perera, vörubryggja hjá MS
- Óðinn Hilmarsson, húsmíðameistari
- Borghildur Kristinsdóttir, bóndi
- Marta Sigurðardóttir, sérfræðingur hjá Isavia
- Gísli Matthías Auðunsson, veitingamaður
- Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra
- Lína Björg Tryggvadóttir, byggðapróunarfulltrúi Uppsveita Árnassýslu
- Friðjón Einarsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi alþingismaður
- Oddný G. Harðardóttir, alþingismaður

annarra flokka,“ segir Víðir Reynisson, oddviti Samfylkingarinnar í Suðurlandshéraði.

„Nú leggjum við allt undir í kosningabaráttunni. Samfylkingin er til þjónustu reiðubúin,

og ég ætla svo sannarlega að gefa allt mitt í verkefnið. Vonandi verður okkur treyst til verka – en við þurfum fyrst að bretta upp emmar og sækja sigurinn,“ segir Víðir að loknum fundi.

Karl Gauti leiðir lista Miðflokksins



Miðflokkurinn hefur birt lista framboðenda í Suðurlandshéraði fyrir komandi þingkosningar 30. nóvember næstkomandi. Karl Gauti Hjaltason lögreglustjóri í Vestmannaeyjum leiðir listann. Karl Gauti hefur áður setið á þingi fyrir flokkinn. Í öðru sæti listans er Heiðbrá Ólafsdóttir lögfræðingur og kúabóndi. Í þriðja sæti listans er Ólafur Ísleifsson hagfræðingur en hann hefur einnig setið á þingi fyrir flokkinn áður.

Hér að neðan má sjá listann í Suðurlandshéraði í heild

- Karl Gauti Hjaltason, lögreglustjóri
- Heiðbrá Ólafsdóttir, lögfræðingur og kúabóndi
- Ólafur Ísleifsson, fv. alþingismaður
- Kristófer Máni Sigursveinsson, verkstjóri
- G. Svana Sigurjónsdóttir, bóndi
- Sigurður Jónsson, hæstaréttarlögmaður
- Snædís Ósk Guðjónsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Ingiberg Þór Jónsson, verkstjóri
- Birgitta Rán Friðfinnsdóttir, bæjarfulltrúi
- Jón Benediktsson, læknir
- Sólveig Guðjónsdóttir, starfsmaður íþróttamannvirkja
- Sigurjón Veigar Þórðarson, vélfræðingur
- Þórdís Grímheiður Magnúsdóttir, húsmóðir
- Bjarni Þór Baldursson, bóndi
- Herdís I Waage, aðstoðarskólameistari
- Sigrún Harpa Sigurjónsdóttir Heide, stuðningsfulltrúi og leikskólaliði
- Bergþór Gunnlaugsson, skipstjóri
- Aron H Steinsson, rafmagnstæknifræðingur
- María Brink, fv. verslunarstjóri
- Sveinn Sigurjónsson, fv. skipstjóri



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bládamáður: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Mesti hlaupa Óli er, einn á byssu minni. Matvandur er herrann hér, hroka mikinn þessi ber.

Svar við gátu í blaði 2775: LEIR
2. L-eir
3. Illa gert kvæði, leirburður



Sunnlenski matgæðingurinn



Hreindýraborgari með sultuðum rauðlauk

Lóreyey Sigurjónsdóttir er matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á að þakka mínum vin fyrir áskorunina og einnig segja að matarást á Tryggva hef ég haft í mörg ár og alltaf gott að koma í hans hús í mat og drykk.

Ég hugsaði aðeins hvað ég ætti að koma með og fannst svo vel við hæfi að koma með hreindýraborgara með sultuðum rauðlauk og piparsósu sem slær alltaf í gegn þegar ég býð upp á þá, og þar sem að aðventan er á næsta leiti þá er þetta smá jóla.

Einnig er uppskriftin frábær bara með nautahakki fyrir þá sem ekki vilja hreindýrakjötið.

Hreindýraborgarar

(mæli með að hafa þá 150-200 gr.)
600 gr. hreindýrahakk
400 gr. nautahakk
1/2 búnt steinselja skorin smátt niður
2 piparostur rifinn
1 mexíco ostur rifinn
1 hvítlaukur skorinn smátt eða maukaður
2 tsk. salt
2 tsk. pipar
2 tsk. villibráðakrydd
2 egg

Allt sett saman í skál og blandað vel saman og vigtað í þá þyngd sem þú vilt hafa þinn borgara (mæli með 150-200 gramma), mótað í hamborgarajárni eða bara höndunum smass style.

Steikt á pönnu eða skellt á grillið.

Sultaður rauðlaukur

2 stk. rauðlaukur afhýddir og skornir þunnir niður
1/2 dl balsamik

2 msk. hunang
1 msk. olía
1 msk. sykurl
1 tsk. nýmalaður pipar

Allt sett í pott og látið sjóða á meðalhita í 45 mín.

Passið að hræra reglulega í og láta ekki brenna við, sérstaklega í lokin.

Kælið vel og sett í krukku með loki.

Piparostasósa

1 piparostur
2,5 dl rjómi
1 grænmetisteningur
Salt og pipar

Allt sett í pott og látið blandast vel saman.

Þessi er góð heit og köld á borgarann.

Einnig er hægt að kaupa kaldar sósur á öllum búðum sem eru fínar líka .

Meðlæti á borgarann er svolítið eftir smekk. Mér finnst best að vera ekkert að flækja þetta með of miklu og leyfa kjötinu að njóta sín .

Góð salatblanda og sultaður rauðlaukur er fullkomið með :))

Verði ykkur að góðu.



Ég ætla að skora á vin minn Jóhannes Bjarna Skarphéðinsson. Ég veit að hann á eftir að koma með eitthvað frábært þar sem að hann er mikill matgæðingur og leynir á sér í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



SKANNAÐU
KÓÐANN

-25%
AF JÓLA-
LJÓSUM*

*Gildir ekki af Twinkly

BLÁ HELGI

31. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER

25-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

-25%
AF BAÐ-
PLÖTUM



-25%
AF RAFMAGNS-
VERKFÆRUM



-40%
AF VÖLDUM
MAKU VÖRUM



-25%
AF HÁPRÝSTI-
DÆLUM



-25%
AF LEMAX



-25%
AF HAND-
VERKFÆRUM



-25%
AF HARD-
PARKETI



-25%
AF FLÍSUM



-30%
AF TRANEMO
VINNUFOTUM



-25%
AF INNI- OG
UTILJÓSUM



-25%
AF BÍLA-
KERRUM



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með lýrvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Sögulegur sigur hjá Selfossi körfu

Sögulegur leikur átti sér stað sl. laugardag þegar nýstofnaður meistaraflokkur kvenna hjá Selfossi körfu spilaði sinn fyrsta heimleik. Mikil spenna var fyrir leiknum, bæði á meðal áhorfenda og leikmanna. Líkt og svo oft áður fyrir heimaleiki félagsins voru grillaðir hamborgarar fyrir leik, algjör veisla á laugardagskvöldi. Hamborgararnir voru ekki eina veislan þetta kvöld, einnig var boðið upp á stórskemmtilegan og spennandi körfuboltaleik, svona laugardagskvöld gerast varla betri.

Bæði lið fóru vel af stað og náðu að sækja vel á körfuna og skila stigum fyrir sitt lið. Selfyssingar leiddu með fjórum stigum eftir fyrsta leikhluta. Í öðrum leikhluta skoruðu liðin aðeins sitthvor 12 stig, þannig að Selfoss hélt fjögurra stiga forustu þegar gengið var inn í hálfleik.

Í þriðja leikhluta gerðu heimakonur góða tilraun til að slíta sig frá gestunum en þær voru fljótar að svara fyrir sig og koma sér aftur inn í leikinn. Nákvæmlega það sama var uppi á teningnum í þeim fjórða en þá náðu Selfyssingar stærstu forustunni í leiknum, staðan 60-50. ÍR-ingar náðu að minnka muninn niður í þrjú stig þegar rúm mínúta var til leiksloka en nær komust þær ekki. Selfyssingar voru með



Perla María Karlsdóttir sækir að körfunni. Ljósmynd: Selfoss karfa/BRV

verkefnið á hreinu og kláruðu leikinn með því að skora úr fimm vítaskotum á lokamínútu leiksins. Fyrsti sigur Selfyssinga varð staðreynd. Lokatölur voru 65-57.

Það var alveg ljóst á upphafsmínútum að þær ætluðu sér að vinna þennan leik. Selfoss spilaði leikinn á aðeins sjö leikmönnum en það gerði hlutverk hinna ekkert síður mikilvægara. Varamannabekkurinn var til fyrirmyndar í leiknum og fagnaði hverri einustu körfu og hvöttu sínar konur áfram. Frábær stemning var í stúkunni, sem var svo sem ekkert skrítið, leikurinn var mjög spennandi og baráttuandi

stelpnanna hafði smitandi áhrif á áhorfendur, eða var það kannski öfugt?

Donasja Terre Scott fór fyrir Selfoss-liðinu í leiknum og skilaði 21 stigi og 15 fráköstum í leiknum. Anna Katrín skoraði 14 stig, Eva Run 13 stig, Perla María 11 stig, Elín Þórdís 5 stig og Sigríður Svanhvít 1 stig.

Næsti leikur Selfyssinga er þriðjudaginn 5. nóvember í Dalhúsum í Grafarvogi á mótí Fjölni. Það er stutt að fara til Reykjavíkur og hvetjum við alla til að gera sér ferð á leikinn. Næsti heimaleikur liðsins er 9. nóvember á mótí Snæfelli.

Selfoss karfa



Þátttakendur á námskeiðinu, ásamt Sævari Má dómara. Ljósmynd: EO

Góð mæting á leikreglunámskeið í blaki

Góð mæting var á leikreglunámskeið í blaki sem haldið var í Selinu á Selfossi í gær, en 25 blakarar frá Dímon/Heklu, Laugdælum, Hrunamönnum og Hvöt mættu, 24 konur og einn karl.

Það var blaknefnd HSK sem stóð fyrir námskeiðinu, en nefndin hafði fengið styrk úr Verkefnasjóði HSK vegna þessa verkefnis.

Það var Sævar Már Guðmundsson alþjóðlegur dómari í blaki sem sá um kennsluna. Á

námskeiðinu var m.a. farið yfir leikreglurnar og þær breytingar sem gerðar hafa verið. Bendingar dómara eru einnig mikilvæggar og farið var vel yfir þær. Þá var talað um dómgæslu almennt, agamál og framkvæmd blakleikja. Allt eru þetta mikilvæg atriði sem blakarar þurfa að kunna deili á en í þessu sambandi má nefna að keppendur á blakmótum HSK hafa sjálfir séð um dómgæslu á mótum sambandsins.



Kristinn Bárðarson nefndarmaður í minjanefnd Umf. Selfoss, Vesteinn Hafsteinnsson og Guðmundur Kr. Jónsson heidursformaður HSK ræddu málin að loknu erindi Vesteins. Ljósmynd: EO.

Vesteinn og Ólympíuleikar í 40 ár

Í tilefni af sýningu Minjanefndar Umf. Selfoss um Sigfús Sigurðsson, fyrsta Ólympíufara Sunnlendinga, mætti Vesteinn Hafsteinnsson á Selfoss 23. október sl. og sagði frá upp-

lifun sinni af Ólympíuleikum í gegnum árin. Vesteinn hefur á 40 ára tímabili farið á ellefu Ólympíuleika, sem keppandi fjórum sinnum og sjö sinnum sem fararstjóri og þjálfari, nú síðast sem fararstjóri ÍSÍ á leikunum í París.

Vesteinn sagði snilldarlega frá ferli sínum, allt frá því að vera ungur þátttakandi í íþróttastarfinu á Selfossi, komast í úrslit í kringlukasti á Ólympíuleikum og verða svo kastþjálfari í fremstu röð í heiminum. Hann náði þeim einstaka árangri að þjálfa tvo Ólympíumeistara í kringlukasti og þá þjálfaði hann fleiri afreksmenn sem unnu til verðlauna á leikunum og öðrum stórmótum. Vesteinn kynnti einnig þau verkefni sem hann vinnur að þessa dagana, sem afreksstjóri ÍSÍ. Hann komst ekki síður á flug þegar þau málefni voru rædd og markið sett hátt sem vænta mátti.

HERRAKVÖLD SELFOSS 8.NÓVEMBER

Steikarhlaðborð að hætti Hvíta Hússins
Happdrætti
Uppboð

Veislustjóri
Torfi Ragnar Sigurðsson

Ræðumern kvöldsins
Snorri Músson Ritstjóri
Stefán Einar Stefánsson stjórnandi Spursmál

Tónlistaratriði
Ingólfur Þórarinnsson

Sérstakt nostalgíu búningauppböð á 2009
trejum meistaraflokks karla



Gestsaugu á Selfossi

Ég veit svo sem ekkert hvað ég er að vilja upp á dekk, skrifandi hér einhver skilaboð til Selfyssinga og nærsveitunga. Ég er náttúrulega bara austan af Héraði og þið þurfið sjálfsgott ekkert á því að halda að ég sé eitthvað að segja ykkur til. En ég lærði nú samt í gamla daga orðtakið „glögg er gests augað“ og það er þess vegna sem ég leyfi mér að segja ykkur svolítið. Þið vitið þetta kannski en ef það hefur farið fram hjá ykkur skal ég segja ykkur það. Þið eigið frábært leikfélag.

Ég lagði nefnilega land undir fót á föstudag og sá, með mínum gests augum báðum, frumsýningu Leikfélags Selfoss á leikverkinu Listin að lifa. Verkið er sýnt í Litla leikhúsinu við Sigtún, þar sem leikfélagið ykkar á sér fallett heimili með mikla sál. Sýningin var hreint út

sagt frábær. Leikhópurinn lék af fagmennsku og metnaði, öll umgjörð var til fyrirmyndar og leikverkið sjálft allt í senn fyndið og hjartnæmt.

Gott leikfélag er eitt af því sem getur sameinað heilu samfélagin. Leikhópurinn sem nú er á fjölonum er blanda af ungu fólki og eldra, rótgrónum Árneseingum og aðfluttum, sem sameinast í því að búa til list fyrir ykkur sem þarna búið. Ég hvet ykkur til að nýta tækifærið og njóta fyrsta flokks menningar í heimabyggð. Sýningar verða ekki margar, svo ekki láta það henda ykkur að þurfa að segja að þið hafið ætlað að fara, en bara misst af tækifærinu. Skellið ykkur bara sem fyrst. Ekki hika, þið verðið ekki svikin af því.

Stefán Bogi Sveinsson,
Austfirðingur og áhugaleikari



Tveimur deildum á Óskalandi lokað vegna E.coli-smits

Tvær deildir á leikskólanum Óskalandi í Hveragerði verða lokaðar á morgun eftir að barn á leikskólanum greindist með E.coli í dag. Barnið var í leikskólanum Mánagarði en hóf aðlögun í Óskalandi á mánudag.

Er greint frá þessu á Rúv.is. Gunnvör Kolbeinsdóttir, leikskólustjóri á Óskalandi, segir í samtali við Rúv að foreldrar

hafi verið upplýstir um stöðuna. Þeir verði að fylgjast með hvort einkenni komi upp hjá börnum sínum.

Leikskólinn verður þrífinn hátt og lágt á morgun en ekki er talið líklegt að fleiri börn hafi smitast. Gunnvör segir barnið hafa verið lítið í snertingu við börn og starfsmenn á meðan það var í aðlögun.



Aðalsafnaðarfundur STOKKSEYRARKIRKJU 2024

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju verður haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2024 kl. 20:00 í safnaðarheimilinu Hafnargötu 10, Stokkseyri.

Venjubundin
aðalfundarstörf

Safnaðarstjórnin



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036:

Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breytingar II. á ASK 2024 - 2404231
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 21.8.2024 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, vegna breytinga á Selfossi og dreifbýli II. Tillagan var kynnt fyrir almenningi frá 17. júlí til 8. ágúst 2024.

Breytingin taka til eftirfarandi atriða:

- Selfossflugvöllur. Vesturbraut flugvallarins er stytta, tekin er út sá hluti hennar sem er á landi í einkaeigu. Hindranafötum er breytt til samræmis.
- Opið svæðið OP1 er minnkað norðan Selfossflugvallar og verður aðeins á landi í eigu sveitarfélagsins.
- Landbúnaðarsvæði L2 er stækkað yfir það svæði sem var opið svæði og flugvöllur.
- Þéttbýlismörkum Selfoss er breytt og aðlöguð að breyttri afmörkun Selfossflugvallar og opins svæðis.
- Kjallarar á Selfossi. Heimilt verður að vera með bílakjallara á Selfossi og gildir það líka um flóðasvæði, en kjallarar á slíkum svæðum skulu uppfylla tiltekin skilyrði.
- Lóðin Austurvegur 20 verður öll miðsvæði. Í dag er um helmingur hennar samfélagsþjónusta. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra aðalskipulags, með síðari breytingum. Gerð er breyting á greinargerð og uppdráttum: Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Selfoss, í mkv. 1:10.000. Ásamt breyttum uppdrátti fyrir dreifbýli í mkv. 1:50.000. Greinargerð með forsendum og umhverfismatskýrslu.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](#) og á [www.skipulagsgatt.is](#)

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 31. október 2024, til og með 12. desember 2024. Þeir aðilar sem hafa athugasemdir eða ábendingar hafa frest til og með 12. desember 2024, til að skila inn til skipulagsfulltrúa ([runarg@arborg.is](#)), eða á [www.skipulag@arborg.is](#).

Athugasemdum og ábendingum skal skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [www.skipulag@arborg.is](#)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi



Við erum sérfræðingar í
prentun bóka, almennu prentverki
og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Eyravegur 25 | Sími 482 1944
[selfoss@prentmetoddi.is](#) | [prentmetoddi.is](#)

„Í kennarastéttinni er ekki fólk sem leikur sér að því að sitja veikt heima“

Undanfarið hefur verið neikvæð umræða um kennarastarfið í samfélaginu. Umræðan kom í kjölfar verðandi kennaraverkfalls. Hún hefur snúist um litla kennsluskyldu kennara, undirbúningstíma og hátt veikindahlutfall. Signý Ósk Sigurjónsdóttir er kennari í grunnskólanum í Hveragerði og er hún ósátt með hvernig talað er um starfið hennar.

„Virðingarleysið á sér engin mörk“

Signý setti á dögunum pistil á Facebook-síðu sína þar sem hún talaði um að henni fallist hendur yfir umræðunni um kennarastarfið.

„Get varla lýst því hvaða tilfinningar hafa fylgt þessari endalausni neikvæðu umfjöllun undanfarnar vikur. Þar sem starfið mitt, sem ég elska og sinni af metnaði og alúð, er dregið í gegnum flórin. Virðingarleysið á sér engin mörk,“ segir Signý í upphafi pistilsins.

Hún segir að starfið sé miklu meira en að kenna börnum.

„Mig langar líka að koma því á framfæri að í minni umsjónarkennslu starfa ég með 20 nemendum, sem ég dýrka og dá. EN ég vinn ekki eingöngu með nemendum mínum heldur vinn ég líka með rúmlega 40 foreldrum sem ég er í stanslausum samskiptum við. Ég vinn líka að hagsmunum nemenda minna með öðrum sérfræðingum.“

„Þá er heldur ekki tekið inn í dæmið fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál, nemendur með greiningar, nemendur með einstaklingsnámskrár, nemendur með lestrar/námserfiðleika. Þessu tengdu þarf ég að sitja fjöldann allan af teymisfundum og skipuleggja einstaklingsmiðað nám fyrir þá nemendur sem ekki fylgja bekkjarnámskrám.“

„Getur einhver útskýrt það hvernig þessar breytur koma fram í þessum skítatölum?!“ segir Signý sem skilur ekki tölfræðina sem Viðskiptaráð hefur sett fram.

„Ég bið ykkur um að miskilja ekki, þetta er allt saman hluti af vinnunni minni sem ég hef alla jafna gaman að. Mig langar bara svo heitt og innilega að starfinu mínu (og mér!) sé sýnd sú virðing sem það á skilið.“

Nóg að gera í vinnunni

Dagskráin náði tali við Signýju til þess að fá enn betri innsýn inn í kennarastarfið.

Vinnudagurinn hennar er mjög fjölbreyttur. „Dagurinn byrjar á að hitta 20 káta krakka í 2. bekk, sem allir hafa frá einhverju spennandi að segja. Yfirleitt fæ ég nokkur knús og um það bil 15 „Signý, Signý“ fyrir klukkan 9. Sem umsjónarkennari á yngsta stigi er ég með nemendum mínum allar

kennslustundir nema íþróttir og smíðjur. Þegar þau eru ekki hjá mér er nóg að gera í að undirbúa verkefni, fara yfir bækur, búa til námsefni, passa upp á lestrarbækur, svara tölvupóstum, hringja í foreldra og hitta aðra sérfræðinga til að fara yfir mál nemenda en ég sinni líka stundum forfallakennslu. Ég borða alltaf hádegismat með nemendum en um hádegisbil eru flest sjö ára börn orðin þreytt og því getur það verið snúð að skipuleggja kennslu og námsefni eftir hádegismat.“

Þegar börnin eru farin úr skólanum taka við önnur verkefni.

„Eftir kennslu tekur undirbúningurinn aftur við. Þá tökum við upp þráðinn og höldum áfram að sinna því sem ég taldi upp hér að ofan, þessi upptalning er alls ekki tæmandi og ýmis flókin mál sem þarf að leysa í samstarfi við foreldra og annað starfsfólk skólans. Auk þess þarf að mæta á fundi. Ég er eflaust að gleyma einhverju og dagarnir eru jafn mismunandi og þeir eru margir,“ segir Signý.

Gerir sitt besta fyrir börnin

Aðspurð að því hvernig Signý tekst á við kennslu þegar börnin eru með mismunandi þarfir og mismunandi námsefni segist hún gera sitt besta. „Þetta getur verið gríðarlega flókið og erfitt viðureignar. Ég viðurkenni alveg að stundum fæ ég nett kvíðakast yfir að vera ekki að gera nóg fyrir nemendum mína sem einstaklinga í skóla án aðgreiningar. Þá er mikilvægt að eiga góða samstarfsfélaga sem hjálpa manni að sjá allt það jákvæða sem ég er að gera og hversu mikið ég legg á mig. Töluverður hluti af undirbúningi fer í að huga að skóla án aðgreiningar.“

Signý segir góða vinnufélaga skipta miklu máli í starfinu. „Við erum tvær sem kennum 2. bekk og við vinnum mjög mikið saman að hinum ýmsu verkum. Það að vera í teymi með góðum vinnufélaga er ómetanlegt og stór hluti af því að ég elska vinnuna mína.“

Tölfræðin ekki vænleg til árangurs í skólastarfi

Signý segir undirbúningstímann sem hún fær í vinnunni nýttast vel. „Satt best að segja skil ég bara alls ekki hvernig þessir sjálfskipuðu sérfræðingar um skólamál geta leyft sér að segja að kennsluskyldan á Íslandi sé of lítil, sem leiðir af sér að undirbúningur sé of mikill hluti af starfinu. Það hefur verið bent á að í nágrannalöndunum sé þetta svona og hinsegin en ég sé ekki hvernig það kemur okkur við, þetta er í mörgum tilfellum alls ekki samanburðarhæft. Ég held að það sé mikilvægt fyrir alla að átta sig á því að tölfræði líkt og sú sem Viðskiptaráð og fleiri hafa verið að setja fram og rýna

í er ekki nothæf eða vænleg til árangurs í skólastarfi. Það eru alltof margar breytur sem vantar inn í dæmin.“

Álagið allt of mikið

Þegar Signý var spurð út í hátt veikindahlutfall í stéttinni liggur hún ekki á svörum. „Í mínum huga er það mjög einfalt dæmi - allt of mikið álag. Fólk áttar sig ekki á því hvað það tekur mikinn toll af þér að vera ábyrgur fyrir námi 20 barna. Við viljum öll gera okkar besta og pressan er gríðarleg frá foreldrum og samfélaginu öllu. Starfið er svo fjölbætt og málin sem koma upp eru óteljandi og geta verið erfitt og flókin viðureignar. Ofan á það kemur virðingarleysið í launamálum og hvernig starfið er talað niður í tíma og ótíma. Ég velti líka fyrir mér hvort aðrar starfsstéttir hafi þurft að vinna við jafn mikla myglu og kennarastéttin, eins og staðan í Reykjavík hefur sýnt. Eitt er allavega alveg ljóst að í kennarastéttinni er ekki fólk sem leikur sér að því að sitja veikt heima.“

Fríin ekki það besta við starfið

Signý segir nemendur sína vera það besta við starfið sitt. „Þessar litlu mannverur sem ég dýrka, sem treysta mér, sem leggja sig fram og sigrarnir þeirra - stórir sem smáir. Eins og ég sagði er gott samstarfsfólk líka dýrmætt.“

„Nú myndu margir vinir mínir segja í kaldhæðni: nú eru það ekki öll fríin? Nei, kærur vinir. Þó að ég elski svo sannarlega



að vera þeirrar gæfu aðnjótandi að geta verið í fríi þegar grunnskólabörnin mín tvö eru í fríi og að geta líka gefið leikskólubarninu mínu frí á sama tíma þá er það ekki það sem ég elska mest. Ég elska mest og best að vera þeirrar gæfu aðnjótandi að hlakka til á hverjum degi (ok kannski flesta) að mæta í frábæru vinnuna mína sem ég legg mig fram við að sinna eins vel og ég get.“

Ætlaði sér alltaf að verða kennari

Aðspurð að því af hverju Signý valdi kennarastarfið minnst hún á afa sinn. „Ég hef alltaf ætlað að verða kennari og ætli afi minn, íslenskukennarinn, hafi ekki spilað stórt hlutverk í þeirri ákvörðun.“

„Ég er með B.Ed.-gráðu í grunnskólakennslu en eftir hana fór ég að vinna með fimm ára börnum í leikskóla og varð ástfangin af því starfi. Þá ákvað ég að fara í M.Ed.-nám í leikskóla-

fræðum og útskrifaðist sem leikskólakennari og vann í leikskóla í 6 ár. Þegar lögunum um leyfisbréfin var breytt gerði það mér kleift að snúa aftur til upprunans og prófa að kenna í grunnskóla og hér hef ég verið í rúm fjögur ár.“

Hún segir ekkert annað starf geta gefið sér það sem hún fær í kennarastarfinu.

„Það er bara eitthvað við það að vinna með þessum snillingum. Tengingin sem myndast á milli nemenda og kennara er ólýsanleg og þó að þetta sé oft erfitt þá vita það allir sem þekkja mig að ég er fædd í þetta starf og ég elska það. Þegar ég hugsa um að skipta um starfsvettvang, sem gerist óhjákvæmilega þegar álagið er mikið og launaseðillinn eins og hann er, veit ég þrátt fyrir allt að það er ekki til annað starf sem myndi gefa mér það sama og ég fæ í kennarastarfinu.“

Persónulegar jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Kótelettukvöld í Þingborg

Hið árlega kótelettukvöld Flóamanna í Þingborg til styrktar Flóamannabók var haldið á laugardaginn fyrsta vetrardag. Fjölmenni sótti hátíðina og margt var sér til gamans gert. Ísólfrur Gylfi Pálmason spilaði

og söng og sagði skemmtilegar sögur, sem hittu vel í mark. Happraðttisvinningar voru ekki af verri endanum. Gjafabréf á 360° á Hnausi og annað á Hótel Vík í Mýrdal. Guðlaug Ólafsdóttir, ættuð frá Glóru, mætti

ásamt Vigni Stefánssyni og Jóni Rafnssyni með ljúfa tóna og seyðandi lög. Eins og myndirnar bera með sér var glatt á hjalla og kóteletturarnar vel vættar í smjóri freyddu um munnvikin.



Breyttur opnunartími skrifstofu FOSS

Skrifstofa FOSS auglýsir hér með breyttan opnunartíma frá og með 1. nóvember 2024.

Opnunartíminn verður sem hér segir:

Mánudaga 9-16

Þriðjudaga 9-16

Miðvikudaga 9-16

Fimmtudaga 9-16

Föstudaga 9-12

Starfsfólk FOSS

Síminn 482-2760, netfang foss@foss.bsrb.is

FOSS

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Matráður við leikskólann Krakkaborg, Flóahreppi

Matráður 75-100% staða



Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og þar dvelja um 35- 50 nemendur á aldrinum 1 - 6 ára ásamt 18 starfsmönnum.

Helstu verkefni:

- Annast matreiðslu, undirbúning, umgengni og frágang matvæla í eldhúsi og hefur gæði matar og næringargildi að leiðarljósi og gætir hagkvæmni í rekstri
- Sér um gerð matseðla fyrir hvern mánuð. Þeir samræmist mannelismarkmiðum landlæknis, handbók fyrir leikskólaeldhús og næringarstefnu leikskólans.
- Sér um innkaup fyrir mótuneyti leikskólans, fylgist með rekstrarstöðu mótun eytis hjá leikskólastjóra og leitast við að innkaup og skipulagningu séu sem hagkvæmust.

Hæfnikröfur:

- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Samstarfsvilji og sveigjanleiki
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu
- Stundvísi og áreiðanleika í starfi.
- Góð íslensku og/eða ensku kunnátta

Launakjör og fríðindi í starfi:

- Laun eru samkvæmt kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
- Stytting vinnuvikunnar

Starfið hentar öllum kynjum og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til 6. nóvember 2024** og skulu umsóknir berast í gegnum <https://krakkaborg.leikskolinn.is/> eða í tölvupósti krakkaborg@krakkaborg.is. Nánari upplýsingar veitir Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri, sara@krakkaborg.is eða 480-0151

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
31. október kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 31. okt. kl. 14:45
Herstöðin í Kaldaðarnesi
Bergsteinn Einarsson
Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

ÁRSHÁTÍÐ FEBSEL

Fimmtudaginn 7. nóv.
Miðasala fim. 31. okt. kl. 13-14

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður
laugardaginn
2. nóvember í
Fagrabæ,
Bankavegi 10,
kl. 11. Gestur verður Hafdi
Hrónn Hafsteinsdóttir
alþingismaður.

Allir velkomnir.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólk 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Þrjónahópur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrishiolti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrishiolti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrishiolt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrishiolti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Skálholtsdómkirkja

Allra heilagra messa sunnudag-
inn 3. nóvember kl. 11 í
Skálholtsdómkirkju. Fjölskyldur
og börn sérlega velkomin. Sr.
Kristín Þórunn og Bergþóra
djákni þjóna. Jón Bjarnason
leikur á orgel og leiðir söng.
Látinna minnst.

Sólheimakirkja

Messa kl. 14 í Sólheimakirkju.
Sr. Kristín Þórunn þjónar og præ-
dikar og Ester Ólafsdóttir leikur
undir safnaðarsöng.

Hrepphólakirkja

Allra heilagra messa sunnudag-
inn 3. nóv. kl. 11. Kirkjukórinn
syngur undir stjórn Eyrúnar
Jónasdóttur organista. Ljós
tendruð í minningu látinna ást-
vina.

Stóra-Núpskirkja

Kvöldvaka kl. 20 sunnudaginn 3.
nóv. á allra heilagra messu.
Kirkjukórinn syngur hugljúf lög
og sálma undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista. Hrefna
Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri
og prestsdóttir, sem ólst upp í
sveitinni flytur hugleiðingu. Ljós
tendruð í minningu látinna ást-
vina.

Hveragerðiskirkja

Kvöldmessa kl. 20. Allra heilagra
messa og ljós tendruð í minn-
ingu látinna ástvina. Chrissie
Thelma Guðmundsdóttir leikur á
fiðlu. Kirkjukórinn syngur fallega
sálma og ljúf lög.

Stokkseyrarkirkja

Allra heilagra messa klukkan
14:00. Við minnumst þeirra sem
dáið hafa síðastliðið ár, tendrum
á kertum í þeirra minningu auk
þess sem við þökkum fyrir líf
þeirra og allt það sem þau hafa
verið okkur. Prestur er Ása Björk,
Haukur organisti og kirkjukórinn
leiða tónlistina.

Selfosskirkja

Sunnudagaskóli kl. 11 sem Sjöfn
og leiðtogarnir leiða. Öll eru
innilga velkomin!
Allra heilagra messa kl. 20, þar
sem við minnumst þeirra sem
dáið hafa síðastliðið ár, tendrum
á kertum í minningu þeirra, auk
þess sem við þökkum fyrir líf
þeirra og allt það sem þau hafa
verið okkur. Séra Ása Björk leiðir
stundina, organisti er Edit,
kirkjukórinn syngur í messunni
og Anna María Konieczna syng-
ur einsöng.



Tónleikaröð Tónskólans í Vík:

Sunnlenskur tónblær

Í hverju horni Íslands má
heyra lifandi tónlist Bachs
og á þessu ári hefur tónlistin á
tónleikaröðinni „Sunnlenskur
tónblær“ í Vík skilað gleði og
hamingju til áhorfenda. Tón-
leikaröðin, sem skipulögð var af
Alexandra Chernyshova, skóla-
stjóra tónskólans, samanstóð af
fjórum fjölbreyttum tónleikum.

Fyrstu tónleikarnir voru ein-
söngstónleikar Alexöndru, sem
flutti arfur úr óperum eftir Moz-
art, Gounod, Verdi og Puccini,
ásamt eigin verkum. Tónleik-
arnir voru glæsilegir og prestur
í Vík, Jóhanna Magnúsdóttir,
lýsti því hversu mikið hún hafði
tenget við sönginn. „Þetta var
ofsalega sterkt, þú snertir okkur
í hjartanu,“ sagði hún.

Næstu tónleikar voru orgel-
tónleikar með dómorganista í
Skálholti, Jóni Bjarnasyni, þar
sem flutt voru verk eftir Bach og
íslensk sönglög. Sveitarstjórnin,
Einar Freyr Elínarsson, sagði að
tónleikarnir hefðu verið dýrmæt
upplifun og að orgelið hljómaði
betur en nokkru sinni fyrr.

Þriðju tónleikarnir voru til-
einkaðir spænskum gítar- og
sönglögum, þar sem gítarleikar-
inn Francisco Javier Jáuregui
og mezzosópraninn Guðrún
Ólafsdóttir tóku á móti áhorf-
endum með glæsilegu framlagi.
Mamma Álvaro, tónlistarkenn-

ari við tónskólann, sagði tón-
leikana vera „frumlega, bland-
aða af íslenski og spænski
menningu.“

Síðustu tónleikar voru fluttir
af pianóleikaranum og tónskáld-
inu Kjartani Valdemarssyni, sem
sýndi fram á fjölbreytni í tónlist
með verkum frá nútímaklassík
til jazz. Mikil gleði ríkti meðal
áhorfenda og eftir klappið flutti
Kjartan lagið „Ég veit þú kemur
í kvöld.“

Tónleikaröðin hefur verið
styrkt af Uppbyggingarsjóði
Suðurlands og fleiri aðilum og
hefur skapað dýrmæt tengsl í
samfélaginu. Tónlistin skapar
gleði og tengsl og frásagnir
áhorfenda sýna hversu mikil-
vægir slíkir viðburðir eru. Tón-
leikar fyrir alla aldurshópa
undirstrika hvernig tónlistin
sameinar okkur, óháð bakgrunni
eða aldri.

Tónlistin í Vík er ekki aðeins
skemmtun; hún er grunnurinn
að menningu og samfélagsleg-
um tengslum. Tónleikarnir hafa
verið mikilvægur þáttur í því
að styrkja samhældni í sveitar-
félaginu og við þökkum öllum
tónlistarmönnum og stuðnings-
aðilum fyrir að gera þessa tón-
leikaröð mögulega.

Alexandra Chernyshova,
Skólastjóri Tónskólans í Vík

Ljósmyndahópurinn HVER með sýningu í bókasafninu í Hveragerði

Ljósmyndahópurinn HVER
er hópur eldri borgara sem
starfar undir merkjum FEBH í
Hveragerði. Í nóvembermán-
uði verður hópurinn með ljós-
myndasýningu í bókasafninu
í Hveragerði. Sýningin heitir
FYRR og NÚ -Hveragerði.

Þetta er hvorki söguleg né
menningarleg sýning. Aðal-
markmið sýningarinnar er *mín
túlkun á tímanum fyrr og nú*.
Meginmarkmið hópsins er að
hafa gaman saman. Hópurinn
skipa 15 félagar. Tíu félagar
völdu að taka þátt í sýningunni.
Hver og einn valdi sér eina
gamla mynd frá Hveragerði eða
nágrenni frá árunum kringum
1930-1970 og tók síðan mynd
út frá svipuðu sjónarhorni.
Félagar í ljósmyndahópnum



BLIK á Selfossi aðstoðuðu við
vinnslu myndanna og prentun.
Hópurinn hvetur fólk til þess að
líta við í bókasafninu og kíkja á
myndirnar. Bókasafnið er opið
mánudaga kl. 11-18:30, þriðju-
daga-föstudaga kl. 13-18:30 og
laugardaga kl. 11-14.



Forvarnardagurinn í Árborg

Forvarnardagurinn var haldinn um land allt miðviku-daginn 2. október og að venju stóð forvarnarhópur Árborgar fyrir glæsilegri dagskrá eins og undanfarin ár. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Landlæknisembættið, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Bandalag íslenskra skáta. Öllum 9. bekkjum grunnskólanna í Árborg er boðið upp á sameiginlega dagskrá sem unnin var í samstarfi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES), Sunnulækjarskóla, Vallaskóla, Umf. Selfoss og félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz.

Dagskráin hófst með setningu á Hótel Selfoss þar sem Ellý Tómasdóttir, forvarnarfulltrúi Árborgar ávarpaði ungmennin. Guðmundur Bjarni Brynjólfsson, íþróttamaður kom og hvatti ungmennin til að fara út fyrir þægindarammann, lifa heilbrigðu lífi og elta draumana sína. Í framhaldinu var nemendum skipt upp í hópa og hver hópur fór á milli sex mismunandi stöðva þar sem boðið var upp á kynningar og fræðslu á fjölbreyttum efnum sem allar höfðu mikið og gott forvarnar-gildi.

Nemendur áttu opið samtál við Lögregluna um ofbeldi, sak-hæfi og umferðaröryggi. Fulltrúi frá sjúkraflutningum var með fræðslu um áverka og afleiðingar af líkamlegu ofbeldi og var félagsmiðstöðin Zelsíuz með verkefnavinnu um sam-skipti. Björgunarsveit Árborgar var með kynningu á starfsemi-inni sinni og Umf. Selfoss var með kynningu á Pílufélagi Selfoss. Einnig fengu þau kynningu á Crossfit Selfoss og fengu að spreyta sig á nokkrum æfingum. Að lokinni dagskrá var nemendum boðið upp á grillaðar pylsur við Tíbrá.

Tilgangur dagsins var að fræða og efla samstöðu milli unglínganna og styrkja þá í að taka upplýstar ákvarðanir í framtíðinni. Við erum virkilega ánægð með hversu vel tókst til og vill forvarnarhópurinn koma

á framfæri þakklæti til starfsmanna og allra þeirra sem stóðu að deginum með þeim.

Tökum höndum saman

Um kvöldið var haldinn opin fræðslufundur með foreldrum og fjölskyldum eldri bekkinga í grunnskólum Árborgar undir yfirskriftinni „Tökum höndum saman“. Markmið kvöldsins var að skapa uppbyggilegar samræður og vekja okkur til umhugsunar hvernig við getum í sameiningu stutt við vellíðan og öryggi barna í Árborg. Dagskrá kvöldsins innihélt stutt erindi frá aðilum í nærsamfélaginu sem deildu þekkingu sinni og reynslu.

Heiða Ösp Kristjánsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs hélt erindi um þjónustu við börn og barnafjölskyldur í Sveitarfélaginu Árborg. Þar fór hún yfir uppbyggingu og með hvaða hætti fjölskyldusvið starfar og ræddi um verkfæri fyrir foreldra þar sem meðal annars var farið inn á mismunandi birtingarmyndir ofbeldis.

Arndís Soffía Sigurðardóttir, aðallögfræðingur hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi, flutti kynningu á Öruggara Suðurlandi og sagði frá starfi samfélagslöggunnar. Ellý Tómasdóttir frá frístundþjónustu Árborgar flutti góða kynningu á forvarnarstarfi og forvarnarteymum Árborgar.

Valdimar Þór Svavarsson, framkvæmdastjóri Samhjalpar og eigandi og ráðgjafi hjá Fyrsta skrefinu, flutti erindi með sterkum skilaboðum um hlutverk og ábyrgð foreldra. Í lokin spunnust góðar umræður og fengu gestir einnig tækifæri til að deila hugmyndum sínum og tillögum að aðgerðum.

Forvarnarteymi Árborgar ásamt starfsfólki þakkar öllum þeim sem komu að deginum fyrir sitt framlag. Samstarf með foreldrum um að taka höndum saman börnum okkar til heilla er mikilvægt og má líta á þennan fund sem upphaf að mikilvægu og þörfu samptali sveitarfélagsins og foreldra.

Hrekkjavökuorgeltónleikar í Skálholtsdómkirkju

Hrekkjavökuorgeltónleikar verða í Skálholtsdómkirkju fimmtudaginn 31. október kl. 20:00. – Jón Bjarnason spilar „hræðileg“ lög á orgelið. - Komdu ef þú þorir!

Októbermánuður, sem kallast í Skálholti orgóber, er tileinkaður orgelleik. Í tilefni orgóbers og hrekkjavöku ætlar Jón Bjarnason að halda orgeltónleika þar sem hann spilar óhugnanleg lög eða lög sem tengja má við hrekkjavöku.

Aðgangur er ókeypis en tekið

verður á móti frjálsum framlögum. Hægt er að leggja beint inn á Fylgisjóð Skálholtsdómkirkju

með millifærslu: 0133-15-1647, kt. 610172-0169. Verið velkomin.



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Minna-Mosfell L168262; Breytt landnotkun; Náma; Aðalskipulagsbreyting - 2410017

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til skilgreiningar á efnistökusvæði innan lands Minna-Mosfells.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi mála:

2. Krækishólar lóð L166421; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting - 2405030

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2024 óverulegar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er varðar íbúðarsvæði Krækishóla L166421. Í breytingunni felst nánari skilgreining á heimildum innan lóða er varðar aukahús tengd uppbyggingu íbúðarhúsa. Nánari skilgreining byggingarheimilda verði innan deiliskipulags svæðisins.

Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

3. Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka Seyðishólum, náma E24; Framkvæmdarleyfi - 2302043

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. október 2024 framkvæmdaleyfi sem tekur til efnistöku úr Seyðishólanámu E24. Fyrirhugað er að taka 500.000 m³ af efni úr námunni á næstu 15 árum eða um 33.000 m³ á ári. Stærð námusvæðisins er 3,5 ha í dag og er áætlað að raskað svæði verði við áframhaldandi efnistöku í heild 4,4 ha. Leyfið er bundið ákveðnum skilyrðum sem fram koma innan greinargerðar sveitarstjórnar vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. Holtamannafréttur L221893; Sigöldustöð; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2405114

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á nýju efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.asahreppur.is, www.floahreppur.is og www.gogg.is

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 31. október 2024 með athugasemdafresti til og með 22. nóvember 2024.

Mál 2 - 3 eru tilkynningar um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi og samþykkt framkvæmdarleyfis.

Mál 4 innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 31. október 2024 með athugasemdafresti til og með 13. desember 2024.

Athugasemdam og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU





Listin að lifa listilega vel gerð

Leikfélag Selfoss frumsýndi Lum helgina leikritið Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Leikstjóri er Jónheiður Ísleifsdóttir. Fullt hús var á frumsýningu og gestir ánægðir með sýninguna.

Þetta er fyrsta sýning félagsins síðan 2021. Framkvæmdir hafa verið á leikhúsinu sem hafa valdið því að starfsemi hefur verið skert síðustu ár.

Blaðamaður lagði leið sína á frumsýningu ekki vitandi við hverju ætti að búast. Leikhúsið hefur mikinn sjarma og leið manni vel að koma þangað inn. Vel var tekið á móti gestum og góður andi yfir húsinu. Strax í byrjun sýningar var augljóst að verkið væri fyndið og hjartnæmt. Sýningin fjallar um vinina Dúu, Duddu og Didda og er þeim fylgt gegnum lífið nánast frá vöggu til grafar með öllu því sem líf þeirra hefur upp á að bjóða. Fimm leikarar eru í sýningunni og spanna þeir breitt aldursbil, koma úr ýmsum áttum og eru sumir að stíga sín fyrstu

skref meðan aðrir hafa mikla reynslu með leikfélaginu.

Leikurinn var mjög góður og túlkun leikara á persónunum mjög sannfærandi. Tvær leikkonur fóru með hlutverk Duddu og tvær með Dúu. Guðrún Ósk Guðjónsdóttir og Birgitta Brynjarsdóttir fóru með hlutverk Duddu og Sigríður Hafsteinsdóttir og Jórunn Fríða Bjarnadóttir með hlutverk Dúu. Það var mjög skemmtilegt að sjá hversu vel leikkonunum tókst að túlka sinn karakter á sama hátt. Dudda er mjög lítil í sér og á lítið af vinum. Dúu og Diddi eru einu vinir hennar. Hún hefur ekki gaman af því að fara út á meðal fólks og vill helst vera heima að lesa bækur. Dudda er allt öðruvísi. Hún sækist í samkomur með öðru fólki og finnst gaman að kynnast nýjum strákum og er heldur kærulaus. Ársæll Hjálmarsson fer svo með hlutverk Didda og gerir það með glæsibrag.

Ástardeilur eru stór hluti af sýningunni þar sem ástarmál

Dúu og Diddu flækja vinasamband þeirra. Sýningin endurspeglar þær áskoranir sem maðurinn getur þurft að takast á við í gegnum lífið, hvort sem það er að kúka á sig sem smábarn eða að glíma við alzheimer á elliárum.

Öll umgjörð sýningarinnar var til fyrirmyndar. Leikmyndin var mjög látlaus en virkaði mjög vel. Það þarf ekki flókna leikmynd til þess að setja upp flotta sýningu. Ljósín voru flott og ljósabreytingar komu á háréttum tíma. Tónlistin sem var notuð var vel valin og gerði mjög mikið fyrir sýninguna.

Ég hvet alla til þess að gera sér leið í Litla leikhúsið við Sigtún á Selfossi og eiga frábæra kvöldstund með Didda, Duddu og Dúu.

EHJ



Lestrarbangsar í Þorlákshöfn

Undanfarnar vikur hefur valhópur á unglíngastigi í Grunnskólanum í Þorlákshöfn unnið að því að æfa samlestur og útbúa lestrarbangsa fyrir nemendur í 1. bekk.

Miðvikudaginn 23. október voru börnin sótt í Frístund og boðið á skólabókasafnið þar sem þau fengu lestrarbangsana afhenta. Farið var yfir hvað bangsarnir heita, hvenær þeir

eiga afmæli og hvaða áskoranir þeir eru að fást við. Sumir bangsarnir eru til dæmis haldnir kvíða og aðrir myrkfælnir.

Bangsarnir eru með merkispjald með upplýsingum um sig og er því hægt að ræða heima þær áskoranir sem þeir glíma við. Þeir eiga það þó allir sameiginlegt að vilja ást og umhyggju og að fyrir þá sé lesið reglulega

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAMA AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNIR

ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintappahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980